

Málstofa ársfundar ASÍ 2006:
Hvernig treystum við forsendur stöðugleikans?

Sjálfkrafa upptaka evru!

Eiríkur Bergmann Einarsson
Dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs við Háskólann á Bifröst

Sú spurning gerist sífellt fyrirferðarmeiri í íslensku þjóðfélagi hvort Íslandi yrði betur borgið með því að taka upp evruna, sameiginlega mynt fjölmargra Evrópuþjóða, í stað þess að notast við eigin krónu eins og nú er? Meðal hagfræðinga og forystumanna í atvinnulífi og stjórnámálum eru enn mjög skiptar skoðanir um stöðu krónunnar og hugsanlegan ávinning af upptöku evru en undanfarin ár hefur evruumræðan stöðugt orðið háværrari og ákafari í þjóðfélaginu, hvort heldur sem er á vettvangi atvinnulífsins eða í almennri þjóðmálaumræðu í fjölmiðlum. Er nú svo komið að spurningin um krónu eða evru er orðin ein sú áleitnasta í efnahagsumræðu í landinu.

Það er einkenni á evruumræðunni á Íslandi að ýmist herðist á henni eða slaknar, allt eftir því hvernig vindar blása í efnahagslífinu hverju sinni. Það hlýtur að teljast eðlilegt enda snertir ágreiningurinn um evruna fyrst og fremst hagræn málefni. Evruumræðunni fylgja þó ávallt álítaefni sem snerta hugmyndir um fullveldi þjóðarinnar og stjórnámálalega stöðu landsins í samfélagi Evrópuþjóða. Jafnan þegar óróa verður vart í efnahagslífinu skýtur evran upp kollinum í umræðunni.

Eftir því sem sveiflurnar aukast og óstöðugleiki verður meiri þeim mun áleitnari kostur verður hin sameiginlega mynt í hagrænni umræðu á Íslandi. En þegar jafnvægi kemst á á ný fjarar jafnharðan undan evruumræðunni. Eins og flestir fræðimenn eru sammála um er evran auðvitað engin lækning við skammtímavanda í íslensku efnahagslífi enda myndi taka nokkur ár að semja um aðild að ESB, fullgilda samninginn og ganga eftir það alla leið inn í myntbandalag Evrópu og skipta að því loknu íslenskum krónum út fyrir Evrópumyntina. Upptaka evru er því langtímamál sem ekki á aðeins að ræða þegar illa gengur í efnahagslífinu. Einhverra hluta vegna fer þó minna fyrir evrunni í umræðunni þegar vel gengur.

Evruleiðir

Þrjár leiðir hafa helst verið nefndar sem hugsanlega gætu verið færar til að taka upp evru sem lögeyri á Íslandi. Í fyrsta lagi að taka evru upp með einhliða ákvörðun íslenskra stjórnvalda án samkomulags við ESB. Í öðru lagi að gera tvíhliða samning við Evrópsambandið um upptöku evru og jafnvel fá einhvers konar aukaaðild að myntbandalagi Evrópu. Umræðan um einhliða upptöku evru, eða jafnvel einhvers konar tvíhliða samning við ESB um inngöngu í myntbandalagið, gengur í takt við aukaaðildaráttu Íslendinga þegar kemur að þátttöku í Evrópusamrunanum. Í gegnum EES og Schengen tekur Ísland nú þegar virkan þátt á flestum samstarfssviðum ESB án þess þó að hafa aðild að stofnunum ESB. Tvíhliða samningur við ESB um upptöku evru smellpassar við þá hugmyndafræði að taka sem mestan þátt í starfi ESB án þess þó að ganga formlega í sambandið. Vandinn við þessa aðkomu er ekki síðst sá að Ísland tekur þar með yfir álíka skuldbindingar og aðildarríki ESB gera án þess þó að hafa jafnhliða aðkomu að ákvarðanatöku á umræddum sviðum. Þriðja leiðin sem jafnframt er sú hreinlegasta, er sú að ganga alla leið í Evrópusambandið og þaðan í myntbandalag Evrópu.¹ Megintilgangur þessarar greinar er hins vegar að skoða fjórða möguleikann, þann að almenningur, fyrirtæki og hagsmunaaðilar taki hreinlega upp evru án milligöngu stjórnvalda.

Tvær lotur

Áður en fjallað er um hugsanlega sjálfkrafa evruvæðingu á Íslandi er gagnlegt að fara fyrst nokkrum orðum um evruumræðuna eins og hún birtist á Íslandi. Á umliðnum árum má greina tvær megin umræðulotur sem farið hafa fram á Íslandi um hugsanlega upptöku evrunnar.

Sú fyrri gaus upp með látum í kjölfarið á ofhitnun í efnahagslífinu sem varð upp úr aldamótunum 2000 og birtist í óvenju miklum viðskiptahalla og verðbólguþrýstingi sem ásamt öðru varð til að íslenska krónan féll umtalsvert á fyrri helmingi árs 2001. Sá mikli órói í efnahagslífinu varð til þess að bæði samtök atvinnurekenda sem og ýmsir fulltrúar almennings fóru í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins að velta fyrir sér að kasta eigin gjaldmiðli fyrir sameiginlega evrópska mynt. Líklega hefur það orðið til að auka áhuga

¹ Í tveimur nýlegum úttektum á þessum valkostum hafa bæði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og nefnd Viðskiptaráðs þó í raun útilokað leið númer tvö.

margra að á þessum sama tíma voru tólf ríki í Evrópu í óða önn að undirbúa þau miklu umskipti þegar almenningur fékk í fyrsta sinn seðla og mynt hins sameiginlega gjaldmiðils í hendur í ársbyrjun 2002. En eftir því sem gengi íslensku krónunnar styrktist og efnahagslífið fór að rétta úr kútnum þeim mun fyrirferðaminni varð evran í innlendri þjóðmálaumræðu, þar til umræðan lognaðist svo gott sem útaf. Raunar má líkja allri Evrópuumræðunni á Íslandi við pott sem kraumar undir lokinu þar til upp úr sýður þegar skerpist á hellunni í þjóðmálunum.

Það var svo ekki fyrr en óróleika varð aftur vart í íslensku efnahagslífi í ársbyrjun 2006 að umræðan um evruna flaut upp á yfirborðið á nýjan leik. Í kjölfar neikvæðrar skýrslu greingarfyrtækisins Fitch Ratings um íslenskt efnahagslíf sem birt var 22. febrúar tók krónan enn eina dýfuna með tilheyrandi brestum og markar það upphaf þeirrar hrinu efnahagsvandræða sem skók þjóðfélagið allt þar til þetta er skrifað í október 2006. Verðbólgu draugurinn, sá landsins forni fjandi, fór að láta á sér kræla enn á ný. Í þeirri peningamálastefnu sem nú er rekin á Íslandi og byggir á sjálfstæðri krónu á floti með fastskilgreindu verðbólgu markmiði hefur Seðlabankinn í raun aðeins eitt stýritæki til umráða, að ákvarða stýrivexti. Seðlabankinn brá því á það ráð að hækka stýrivexti sína í nokkrum áföngum til að slá á eftirspurn eftir lánsfé. Vaxtaákvörðanir eru hins vegar ónákvæmt stjórnæki og geta þar að auki verið ansi lengi að vætla út í efnahagslífið. Þegar þetta er skrifað voru stýrivextir 14 prósent og orðnir hærri en nokkru sinni fyrr. Á sama tíma var halli á viðskiptum við útlönd orðinn meiri en nokkru sinni og skuldir heimilanna höfðu vaxið í ógnvænlegar upphæðir.

Örmynt í stórum heimi

Það eru ekki síst þessar miklu sveiflur í gengi krónunnar sem hafa orðið til þess að menn líta nú til þess valkostar að tengjast evrunni með einhverjum hætti í stað þess að halda út sjálfstæðri íslenskri krónu. Íslenska krónan ein og sér bar auðvitað ekki alla ábyrgð á þessu ástandi en ekki var að undra að efnahagsóróinn hafi orðið til þess að atvinnulífið fór í auknum mæli að líta til evrunnar sem hugsanlega vörn gegn þessum óskapasveiflum. Í heimi gjaldmiðla er krónan agnarsmá, einskona örmynt í samanburði við flesta aðra gjaldmiðla. Smæð krónunnar gerir að verkum að í alþjóðlegu tilliti þarf ekki mikið til að hreyfa við gengi hennar. Af þeim sökum er aðvelt fyrir ýmiss konar spákaupmenn sem

starfa í hinu nýja hnattræna rými alþjóðafjármála að beita skortkaupum og skjóta hana í kaf með snörpu áhlaupi í von um skjótfenginn gróða.

Í umræðunni um evruna hefur sá stöðugleiki í peningamálum sem vissulega fylgir aðild að stóru myntbandalagi verið talinn til helstu kosta þess að taka upp evru hér á landi. Þá er mun lægra vaxtastig og minni viðskiptakostnaður einnig talinn eftirsóknarverður til viðbótar við að eyða út gengisóvissu. Á hinn bóginn hefur upptaka evrunnar í för með sér að Íslendingar missa úr eigin hendi helsta stjórnþæki peningastefnunnar, að ákvarða innlenda stýrivexti. Og þar sem peningastefna Seðlabanka Evrópu miðast við meðaltalsverðbólgu á öllu evrusvæðinu er viss hættu á að ákvarðanir hans henti ekki endilega fyrir efnahagsaðstæður á Íslandi hverju sinni. Þær áhyggjur koma ekki síst fram sökum þess að íslenskt efnahagslíf hefur í gegnum tíðina ekki endilega dansað í takt við hagsveiflur á evrusvæðinu.

Evra án íhlutunar stjórnvalda

Í umræðunni um hugsanlega upptöku evru hefur ávallt verið gengið út frá því að það væri á endanum í höndum innlendra stjórnvalda að ákveða þar um. Þó er hægt hægt að hugsa sér að slíkur ferill fari af stað að evran flæði sjálfkrafa til Íslands án meðvitaðrar ákvörðunar stjórnvalda. Sá möguleiki er til staðar að fyrirtæki, hagsmunaaðilar og almenningur á Íslandi taki einfaldlega sjálfkrafa upp evru án íhlutunar peningamálayfirvalda og jafnvel þvert gegn vilja stjórnvalda. Ef sveiflur magnast enn frekar og trúverðugleiki íslensku krónunnar býður hnekki er ekki loku fyrir það skotið að evran fari smám saman að ná fótfestu á Íslandi án þess að stjórnvöld fái við nokkuð ráðið.

Í kjölfar aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hafa fjölmörg íslensk fyrirtæki haslað sér völl í Evrópu og starfsemi þeirra á erlendum mörkuðum, sér í lagi evrópskum, er sífellt að aukast. Í takt við þá þróun eru þó nokkur innlend fyrirtæki nú þegar farin að gera upp rekstur sinn í evrum, eftir að það varð heimilt árið 2002, þar sem hlutfall evru í sjóðstreymi þeirra eykst ár frá ári. Mörg íslensk framleiðslufyrirtæki hafa meginpart sinna tekna í erlendri mynt og nokkur fjöldi fyrirtækja hefur svo gott sem allar tekjur sínar í erlendri mynt. Fyrir þessi fyrirtæki getur verið heppilegra að gera upp í evru. Sum þeirra hafa jafnframt skoðað þann kost að skrá hlutafé sitt í evru. Þeirra á meðal eru Actavis, Össur og Marel. Sú staðreynd að um það bil 2/3 af öllum

fyrirtækjalánum eru nú tekin í erlendri mynt ýtir enn frekar undir þessa þróun. Þessu til viðbótar hafa þó nokkur fjárfestingafélög íhugað að breyta um starfrækslumynt og notast í framtíðinni við evru í stað krónu. Þeirra á meðal eru félög á borð við Atorku, Eyri og Exista.²

Á undanförunum árum hafa nokkur fyrirtæki sem skráð eru á Íslandi samið við stjórnendur sína um launagreiðslur í evrum. Ekki er óhugsandi að einhver þeirra muni með tímanum einnig vilja greiða öðrum starfsmönnum út laun í evrum til að tryggja sig gegn gengisóvissu. Einnig er nokkuð um að stjórnarmenn í fyrirtækjum sem hafa meginhluta umsvifa sinna í útlöndum fái greitt fyrir störf sín í þeim gjaldmiðli sem fyrirtækin nota mest. Sem dæmi má nefna þá sagði Árne Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, í viðtali við Fréttablaðið að vel hafi verið tekið í umleitan þeirra starfsmanna sem hafa frekar viljað semja um launagreiðslur í evrum, en hluti yfirmanna fyrirtækisins hefur kosið að fara þá leið. „Svo eru stjórnarmenn algjörlega í evrum,“ sagði stjórnarformaðurinn, „tómt mál að tala um“ að ætla að fá erlenda stjórnarmenn að félaginu ef semja á við þá um laun í íslenskum krónum.³ Fram kom að nokkur fjöldi starfsmanna Marels þiggur nú orðið laun tengd gengi evru. Stjórnarformaðurinn benti á að ef langtímatraust er á milli starfsmanna og félagsins er sá möguleiki fyrir hendi að starfsmenn bindi einnig hluta skulda sinna í evrum, svo sem húsnæðislán. Fram hefur komið að nokkur önnur fyrirtæki, til að mynda Bakkavör, hafi tekið ákvörðun um að fara sömu leið og greiða stjórnarmönnum laun í sterlingspundum. Fyrirtækið Össur greiðir stjórnarmönnum laun í Bandaríkjadöllum og Fréttablaðið hefur eftir fulltrúa Actavis að starfsmenn þar fái almennt laun í mynt þess lands þar sem þeir eru staðsettir.⁴

Auk óþæginda við gengisflökt er það fyrst og fremst hátt vaxtastig á Íslandi sem hvetur fyrirtækin til að færa viðskipti sín í evru. Þetta háa vaxtastig hefur síðan orðið til þess að erlendir fjárfestar hafa fengið aukinn áhuga á krónubréfum, til að hagnast á miklum gengismun. Á umliðnum árum hafa verið gefin út 300 milljarðar í krónubréfum til erlendra fjárfesta. Að auki eiga erlendir aðilar um það bil helming af öllum útgefnum

² Þetta kom fram í erindi Árna Odds Þórðarsonar á morgunverðarfundum Viðskiptaráðs Er krónan að laumast út bakdyramegin, á Grand hóteli í Reykjavík 4. ágúst 2006.

³ Dæmi eru um laun í evrum. Fréttablaðið 26. ágúst 2006.

⁴ Ibid

ríkisskuldabréfum.⁵ Það má vera að þessi aukni áhugi erlendra aðila á íslenskri krónu sé til merkis um að krónan sé ekki að láta undan fyrir evru en um leið hefur myndast hvati til að viðhalda háu vaxtastigi á Íslandi, til að koma í veg fyrir að útgáfa krónubréfa stöðvist á sama tíma og fyrri útgáfa krónubréfa kemur til greiðslu. Í því ljósi má eins og að framan er lýst sjá fyrir að þrýstingurinn geti orðið til að fyrirtækin í landinu fíki sig smám saman frá því að nota krónu og yfir í evru. Miðlunarkerfi Seðlabankans í gegnum stýrivexti mun þá veikjast samhliða því og að lokum lamast.

Evrulaun á vinnumarkaði

Alþýðusamband Íslands hefur skoðað þann möguleika að gera launasamninga í evrum fyrir umbjóðendur sína, en ASÍ og aðildarfélag þeirra eru langfjölmennustu samtök launafólks á almennum markaði. Innan vébanda ASÍ hefur verið rætt um að semja þannig að launafólk gæti sjálft valið að taka hluta launa sinna í evru.⁶ Helsta ástæða þessara vangaveltna innan ASÍ er sú staðreynd að fjölmargir launamenn hafa nú þegar tekið langtímalán í erlendri mynt og að það sé bæði erfitt og dýrt fyrir einstaklinga að standa gjaldeyrisvaktina. Slíkt sé fyrirtækjum mun tamara. Með því að taka hluta launa í evrum væri gengisáhættan við það að taka húsnæðislán í evrum úr sögunni. Málið er hins vegar ekki alveg svo einfalt eins og framkvæmdastjóri ASÍ hefur bent á. Ef samningar launþega yrðu alfarið gerðir í evrum gæti sú staða komið upp við sveiflur í gengi evru og krónu að laun fólks færu niður fyrir lögbundin lágmarkslaun hér á landi. Þetta verður hins vegar að teljast takmörkuð hindrun. Hér má nefna til gamans að ein er sú stétt manna sem hefur um langa hríð fengið laun sem eru beintengd erlendum gjaldmiðlum. Laun sjómanna ákvarðast af söluverðmæti aflans á erlendum mörkuðum og því má segja að þeir fái nú þegar laun sín greidd í erlendri mynt.

Hægt er að nefna fleiri dæmi um hugsanlega sjálfkrafa innleiðingu evru inn í íslenskt hagkerfi. Hér er þó látið duga að benda á þann möguleika að menn kaupir sér tryggingar í evru og leggi jafnframt fyrir í lífeyrissjóð í Evrópumyntinni að eigin frumkvæði.

⁵Þetta kom fram í erindi Þorvarðar Tjörva Ólafssonar, hagfræðings á rannsóknar- og spádeild hagfræðisviðs Seðlabanka Íslands á morgunverðarfundum Viðskiptaráðs *Er krónan að laumast út bakdyramegin*. Grand hótél í Reykjavík. 4. ágúst 2006.

⁶Þetta kom fram í viðtali við Gylfa Arnbjörnsson, framkvæmdastjóra Alþýðusambandsins, *ASÍ hugleiðir evrulaun*. Í Fréttablaðinu 23. ágúst 2006.

Á þessari stundu eru svo sem engin skýr merki um að þessi þróun sé að breiðast út eða að það sé orðin viðtekin venja í útrásarfyrirtækjunum svokölluðu að greiða starfsmönnum út annarri mynt en íslenskum krónum. En fari þessi þróun af stað þarf í sjálfu sér ekki langur tími að líða þar til evran nær yfirhöndinni og krónan fer að gefa eftir í almennum viðskiptum.

Borðleggjandi er að einhverjir launamenn sem fá laun sín greidd út í evrum muni samfara því kjósa að taka lánin sín, sérstaklega húsnæðislán, í evrum og jafnframt að geyma peninga sína í sparistofnunum í sama gjaldmiðli. Ef þessi tilhögun verður almenn má sjá fyrir að sér að smám saman fari menn að gera kröfu um að gera önnur viðskipti líka í evrum, svo sem í matvörubúðum, veitingahúsum, á hárgreiðslustofum og víðar. Og svo koll af kolli eins og snjóbolti niður aflíðandi hlíð. Þá gæti á skömmum tíma orðið ansi brátt um íslensku krónuna. Hér á landi gæti því orðið til tvöfalt myntkerfi þar sem einkafyrirtæki tækju sjálf upp evru og aðeins hið opinbera og fyrirtæki sem byggja á staðbundinni starfsemi héldu umsvifum sínum í íslenskum krónum.

Vandkvæði við sjálfkrafa evruvæðingu

Sjálfkrafa evruvæðing er líklega versta tegund evruvæðingar sem hægt er að hugsa sér. Hún felur í sér alla sömu galla og á við um einhliða evruvæðingu, íslenska þjóðin yrði bæði af kostum þess að halda úti sjálfstæðum gjaldmiðli og kostum þess að fá hlutdeild í þeim ávinningi sem hlýst af því að sameinast um gjaldmiðil með öðrum ríkjum í sameiginlegu myntbandalagi. Þar að auki myndu íslensk stjórnvöld ekki hafa neina markvissa áætlun um aðlögun að nýju myntumhverfi. Þá má gera ráð fyrir að virði krónunnar myndi láta undan síga eftir því sem vægi evru yrði meira.